

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1780
komudagur 21.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 20. apríl 2010.

Efni: Breytingartillögur við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (343. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreindar breytingartillögur sem fela í sér aukið eftirlit Fjármálaeftirlitsins og hertari reglur fyrir fjármálafyrirtæki

Viðskiptaráð Íslands hefur áður skilað inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki ásamt því að hafa gert grein fyrir athugasemdum sínum fyrir viðskiptanefnd. Viðskiptaráð ítrekar þær athugasemdir sem komu fram í fyrri umsögn og ekki var tekið tillit til við endurskoðun.

Viðskiptaráð fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu og þeirri endurskoðun sem átt hefur sér stað á lögum um fjármálafyrirtæki. Viðskiptaráð fagnar sérstaklega þeim breytingum sem hafa verið gerðar á 10. gr. frumvarpsins. Í því ákvæði hefur verið tekið upp ákvæði sem Kauphöllin lagði til í sinni umsögn og mælir fyrir um að fylgja skuli viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Viðskiptaráð vill ítreka enn frekar nokkrar af fyrri athugasemdum sínar sem komu fram í umsögn ráðsins frá 22. febrúar síðastliðnum. Sérstaklega skal ítreka þær athugasemdir sem gerðar voru við 1. gr. frumvarpsins sem kveður meðal annars á um öfuga sönnunarbyrði við ákvörðun um tengsl og samstarf aðila. Öfug sönnunarbyrði er ekki í samræmi við aðra þá löggjöf sem drög hafa verið gerð að, t.d. nýlegt frumvarp um váttryggingar, né að séð verði af greinargerð með frumvarpinu að þessi breyting sé til þess fallin að auka gagnsæi eða skilvirkni laganna.

Einnig eru þær athugasemdir sem gerðar voru við 13. gr. frumvarpsins ítrekaðar. Ekki er gengið nægilega langt í takmörkun á heimildum banka til að eiga og reka fyrirtæki í alls óskyldum rekstri að mati ráðsins. Í ljósi stöðu fyrirtækja í almennum rekstri í dag og þess ástands sem er í fjármálaheiminum mega fyrirtæki síst við skekktri samkeppnisstöðu. Rekstur banka á fyrirtækjum í óskyldum rekstri er til þess fallin að skekkja samkeppnisstöðu og valda mismunun. Viðskiptaráð telur því ríka ástæðu til að takmarka verulega slíkt eignarhald og auka eftirlit FME, t.d. með skilyrðum fyrir eignarhaldi og tímamörkum þegar fjármálafyrirtæki taka yfir rekstur fyrirtækja.

Viðskiptaráð leggur einnig til viðbót við 13. gr. frumvarpsins, eða 22. gr. laganna. Mikilvægt er að gera þær kröfur til fjármálafyrirtækja að endurskipulagning á starfsemi standi ekki lengur yfir en nauðsynlegt er og um leið eignarhald þeirra. Um leið verður að gera þá kröfu að meðhöndlun þeirra á fyrirtækjum í endurskipulagningu sé gerð með eins gagnsæjum hætti og með sem minnstri röskun á


samkeppnisumhverfi. Vegna þessa leggur Viðskiptaráð til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við 13. gr. frumvarpsins, 22. gr. laganna.

“Stundi viðskiptabanki, sparisjóður eða láanafyrirtæki, eða dótturfélag þeirra, aðra starfsemi en þá sem um getur í þessum kafla í þeim tilgangi að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila ber að birta ársreikning og sex mánaða uppgjör þeirra félaga sem eru í endurskipulagningu á heimasíðu viðkomandi viðskiptabanka, sparisjóðs eða lánafyrirtækis eigi síðar en þremur mánuðum frá lokum uppgjörstímabils. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita undanþágu frá slíkri birtingu enda sé fjárhagslegri endurskipulagningu lokið innan sex mánaða frá því viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, eða dótturfyrirtæki þeirra, hóf starfsemina.”

Viðskiptaráð ítrekar einnig afstöðu sína til þess að eignarhald á helstu fjármálafyrirtækjum landsins verði gert gagnsærra en nú er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Aukið gagnsæi í fjármálakerfi er til þess að efla traust og trúverðugleika almennings á uppbyggingu og starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því að ganga lengra en frumvarpið gerir ráð fyrir og tryggja að upplýsingar um eignarhald á fjármálafyrirtækjum séu opinberar og aðgengilegar má treysta frekar þær stöðir sem þarf svo hægt verði að vinna aftur traust almennings á fjármálakerfinu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands